

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Þórarinn Vigfússon sæti 15 mánaða betrunarhússvinnu.

Ákærður Magnús Jónsson sæti 1 árs betrunarhússvinnu.

Ákærður Björn Gíslason sæti 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Björn greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., kr. 100.00. Ákærðir Magnús og Þórarinn greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar, kr. 100.00. Ákærðir Björn og Þórarinn greiði hvor um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt. Ákærðir allir greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1939.

Nr. 108/1938. **Réttvísinn** (Eggert Claessen)
gegn

Carl Christian Sinius Christensen,
(Jón Ásbjörnsson)

Þórarinn Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni
(Pétur Magnússon)

og Ragnari Kristni Pálssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Ólögmet meðferð á fundnu fé. Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Meðferð Carls Christensen á selskinninu varðar við 250. gr. almennra hegningarlaga. Þótt stefna í málinu á hendur honum viki aðeins að 23. og 27. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51 frá 1928, þá þykir samt mega dæma um verknað þenna í

málinu, með því að ákærði gat ekki gengið þess dulinn, að hann var sóttur til refsingar fyrir hann. Með þessum athugasemdum þykir mega fallast á forsendur og niðurstöður hins áfrýjaða dóms og ber því að staðfesta hann.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar fer sem hér segir: Ákærði Carl Christian Sinius Christensen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80 krónur. Ákærður Þórarinn Vigfússon og Magnús Jónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80 krónur, og ákærði Ragnar Kristinn Pálsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80 krónur. Allur annar kostnaður við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins, 120 krónur, greiðist in solidum af öllum hinum ákærðu.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Carl Christian Sinius Christensen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 80 krónur. Ákærðu Þórarinn Vigfússon og Magnús Jónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Péturs Magnússonar, 80 krónur. Ákærði Ragnar Kristinn Pálsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Gunnars Þorsteinssonar, 80 krónur.

Allur annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækj-

anda málsins fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Eggerts Claessen, 120 krónur, greiðist in solidum af öllum hinum ákærðu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. okt. 1938.

Ár 1938, laugardaginn 1. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í Hegningarhúsinu af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1787—1790 1938: Réttvisin gegn Karli Kristjáni Sinius Kristensen, Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni og Ragnari Kristni Pálssyni.

Málið er höfðað gegn öllum hinum ákærðu fyrir brot gegn 27. kapitula hinna almennu hegningarlaga og að því, er hinn fyrstnefnda snertir, einnig fyrir brot gegn 23. kap. sömu laga og lögum nr. 51 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærðir eru þessir:

1. Karl Kristján Sinius Kristensen, bifreiðarstjóri, til heimilis Þingholtsstræti 28 hér í bæ. Hann er talinn fæddur að Elling í Danmörku 3. júní 1897. Hingað til lands kveðst hann hafa flutt árið 1923 eða 1924. Hann hefir hér á landi áður sætt eftirtöldum refsingum, öllum hér í Reykjavík:

1932 $\frac{8}{2}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

1932 $\frac{7}{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga, skilorðsbundið, fyrir ólögmæta meðferð á fundnu fé.

1932 $2\frac{2}{8}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir of hraða á bifreið.

1934 $11\frac{1}{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 50 kr. sekt og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot á áfengislögunum.

Samkvæmt upplýsingum frá Rigspolitichefen í Kaupmannahöfn hefir honum aldrei verið refsað í Danmörku. En árið 1922 var hann grunaður um sviksamlegt athæfi í sambandi við fatnað, en það mál var fellt niður.

2. Þórarinn Vigfússon, verzlunarmaður, til heimilis Hverfisgötu 98 hér í bæ. Hann er fæddur 25. júlí 1902 að Heiðarseli á Siðu.

Árið 1935 var hann hér í bænum kærður fyrir meint sviksamlegt athæfi, en það mál féll niður, með því að upphæð sú, er um var að ræða, var greidd. 22. júní s. l. var hann í aukarétti Reykjavíkur dæmdur í 15 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 271. gr. og 275. gr. sbr. 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna. Sá dómur er nú undir áfrýjun. Að öðru leyti hefir hann ekki sætt ákærum.

3. Magnús Jónsson, verkamaður, til heimilis Miðstræti 8 A hér í bæ. Hann er fæddur 3. júní 1907 að Steinsmýri í Leiðvallahreppi. Hann hefir sætt eftirtöldum refsingum:

Í Vestmannaeyjum:

1933 ²/₁₂ Sektaður um 60 krónur fyrir ölvun og óspektir á almannafæri.

Í Reykjavík:

1935 ¹/₆ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: Sýknaður af ákæru réttvisinnar fyrir brot gegn 22. kap. alm. hegningarlaga, en sætti 25 kr. sekt fyrir ólöglega neyzlu áfengis í veitingahúsi.

1936 ¹/₆ Sætti 250 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 34 1915.

1938 ²/₆ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 1 árs betrunarhússvinna fyrir brot gegn 271. gr. sbr. 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna.

Síðasttalinn dómur, þar sem hann var dæmdur ásamt meðákærðum Þórarni Vigfússyni, er nú undir áfrýjun.

4. Ragnar Kristinn Pálsson, verkamaður, til heimilis Bröttugötu 6 hér í bæ. Hann er fæddur að Brúarlandi í Skagafirði 27. nóv. 1907. Hann hefir áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum hér í Reykjavík:

1934 ¹/₂ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, og 500 kr. sekt fyrir brot gegn 6. sbr. 30. gr. áfengislaganna og 1. sbr. 20. gr. laga nr. 20 1875.

1937 ¹/₄ Kærður fyrir óheimila töku á brotajárni. Látið falla niður.

2.

Hinn 12. ágúst s. l. tilkynnti Eyjólfur Eiríksson, Hafnarstræti 16, að horfið hefði selskinn úr húsakynnum, er ákærður Karl hefði tekið á leigu þar í húsinu. Í húsnæðinu hafði áður verið Nýja bifreiðastöðin, en þegar hún flutti, hafði skinnið orðið þar eftir ásamt ýmsu öðru dóti.

Karl hefir viðurkennt að hafa stolið þessu selskinni. Hann seldi það Þóroddi Jónssyni, skinnakaupmanni, fyrir 10 krónur. Við yfirheyrslu lögreglunnar út af þessu atriði málsins greiddi ákærður þegar kr. 20.00 í skaðabætur til eiganda skinnssins, og hefir hann ekki gert frekari kröfur.

3.

Hinn 6. sept. s. l. kærði Landsbanki Íslands yfir því, að fölsuð tékkávisun hafi verið seld í útibúi bankans að Selfossi. Var tékkinn að upphæð kr. 1384.00, útgefinn undir nafninu Stefán Bergmann, Keflavík, til handhafa til greiðslu úr innlánsbók nr. 187 við Útvegsbanka Íslands. Á baki tékkans var framsalsáritun: Axel Petersen, Sellandsstíg 42.

Hinn sama dag kærði Útvegsbanki Íslands h/f út af öðrum fölsuðum tékka, er bankanum hafði borizt frá Þorsteini kaupmanni Þorsteinssyni í Keflavík, en Þorsteinn hafði keypt hann af manni, sem ekki varð upplýst um, hver væri. Tékkinn var útgefinn til handa handhafa og að upphæð kr. 400.00. Sem útgefandi var skrifaður Stefán Þorláksson, og á bakhlið tékkans var skrifað nafnið Jón Jónsson. Tékkinn var gefinn út á innlánsbók Stefáns við Útvegsbankann nr. 135.

Loks barst lögreglunni daginn eftir þriðja kæran út af fölsuðum tékka. Var hún einnig frá Útvegsbanka Íslands h/f og hafði útibú bankans á Akureyri keypt hann. Tékkinn var að upphæð kr. 1897.00 gefinn út á hlaupareikning nr. 118 í Útvegsbankann til handa handhafa. Útgefandi var talinn Smjörlikisgerðin h/f, en ábekingur Jón Pálsson Tungötu 33, Siglufirði.

Allir voru tékkar þessir illa gerðir. Ekki virðist reynt til að stæla hönd þeirra manna, sem skrifaðir eru sem útgefendur tékkanna. Ritvilla er í nafninu Smjörlikisgerðin, sem stimplað er á einn tékkann. Númerin visa ekki til raunverulegra innstæðna, nema að því er snertir 400 króna tékkann.

Tveir fyrstnefndu tékkarnir reyndust að vera úr tékkhefti, er Finnogi Eyjólfsson, eigandi Nýju bifreiðastöðvarinnar, hafði fengið í Útvegsbankanum. Síðasttaldi tékkinn var tekinn úr tékkhefti, er bankinn hafði afhent Nýju bifreiðastöðinni.

Lögreglan fékk þegar grun á ákærðum Karli, með því að hann hafði, eins og áður var kunnugt orðið, flutt inn í húsnæði það, er Nýja bifreiðastöðin hafði áður haft á leigu. Daginn eftir náðist hann til yfirheyrslu og viðurkenndi þá þátttöku sína í umræddum fölsunum ásamt meðákærðu, er einnig viðurkenndu sinn þátt strax við lögregluýfirheyrsluna.

4.

Frásögn þeirra félaga Karls, Þórarins og Magnúsar um fölsunina skal nú rakin:

Þegar Karl tók á leigu áðurgreint húsnæði, var þar fyrir ýmislegt rusl. Í því fann hann 2 tékkhefti. Þenna fund sinn bar hann í tal við Magnús og Þórarinn, og kom svo því tali þeirra, að þeir ákváðu að reyna að nota eyðublöðin til að falsa á þá tékka. Var það ráðagerð þeirra að reyna að selja tékkana utanbæjar.

Framkvæmd þessara fyrirætlana hófu þeir með því að fara austur að Selfossi. Leigðu þeir sér bifreið, og lagði Magnús fram 30 krónur til að greiða leiguna. Áður hafði Karl útbúið tékka að upphæð rúmar 3000 krónur. Skrifaði hann sem útgefanda Samband íslenzkra samvinnufélaga. Texta tékkans vélritaði hann, en handritaði undir nafn eins af forstjórum Sambandsins. Það féll í hlut Þórarins að fara með tékkann inn í bankaútibúið á Selfossi og framvísa honum þar, en þegar þangað kom, bað hann um víxileyðublað og fór út við svo búið. Sagði hann þeim félögum, að hann hefði ekki getað framvísað tékkanum vegna þess, að í útibúinu hefði verið staddur maður, sem hann þekkti. Fyrir réttinum hefir hann haldið því fram, að þetta hafi verið ráðagerð sín frá byrjun til þess að komast undan því að selja tékkann. Þeir snéru aftur við þessi erindislok og eyðilögðu tékkann.

Nokkru síðar freistuðu þeir aftur að fara til Selfoss og selja þar tékka. Leigðu þeir sér bifreið til fararinnar, sem fyrr. Karl skrifaði tékkann í bifreiðinni, og er það sá, er áður er getið, að útbúið hafi keypt, að upphæð kr. 1384.00. Kveðst ákærður hafa útfyllt mörg eyðublöð, áður en honum líkaði frágangurinn, en eyðilagð þau jafnóðum. Nafn útgefanda var miðað til ákveðins manns, en nafn framseljanda sett út í bláinn. Karl fór síðan inn í útibúið og seldi þar tékkann. Andvirðinu, að frádregnum ferðakostnaði,

skiptu þeir jafnt á milli sin. Talið er, að þessi för hafi verið farin 19. ágúst s. l.

Næst var það, að þeir ákváðu að fara til Keflavíkur í söluferð. Var það hinn 1. ágúst. Karl skrifaði þar nokkra tékka. Þórarinn fékk tvo þeirra til þess að selja. Annar þeirra var 400 króna tékki sá, er í kærú Útvegsbankans getur. Völdu þeir Stefán Þorláksson, bónda í Reykjahlið, sem útgefanda hans, og gáfu tékkann út á reikningsnúmer hans í Útvegsbankanum, en þeir Karl og Magnús höfðu séð númerið á tékka í Áfengisverzlun ríkisins. Þenna tékka seldi ákærður með þeim hætti, að hann fór inn í verzlun, keypti sér þar stígvél, sem kostuðu kr. 22.00, greiddi þau með tékkanum og fékk mismuninn greiddan í peningum. Hinn tékkinn var upp á 1400 krónur og útgefinn undir sama nafni, að því er talið er. För ákærður með hann í sparisjóðinn, en kveðst ekki geta sagt um, hvort hann hafi sýnt hann þar og reynt að selja, því hann kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis. En sá tékki varð aldrei seldur og því eyðilagður. Þá kveðst Magnús og hafa tekið við einum tékka til að selja, en ekki reynt það. Er ekki upplýst um upphæð hans eða, hvaða nöfn voru skrifuð á hann. Andvirðinu skiptu þeir með sér.

Loks var það, að þeir félagar ákváðu að fara norður til Akureyrar til þess að selja þar tékka. Slóst Ragnar Kristinn Pálsson með í þá för. Lögðu þeir upp í förina föstudaginn 2. sept. og fóru í bifreið, er þeir höfðu leigt til fararinnar, og lagði Magnús til mest af farareyrinum. Þann dag komust þeir upp í Hvalfjörð. Á laugardag héldu þeir til Blönduóss, og dvöldu á sunnudaginn að Kömbum í Deildardal hjá skyldfólki Ragnars. Á mánudag komu þeir til Akureyrar, höfðu þar skamma viðdvöl og héldu um hæl aftur til Reykjavíkur. Komu þeir hingað til bæjarins aftur á þriðjudagskvöld, eða sama daginn og kærur bankanna bárust lögreglunni.

Áður en þeir félagar lögðu upp í ferðina, keyptu þeir sér leturkassa og bjuggu til stimpla 3 fyrirtækja: Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Heildverzlunarinnar Heklu og Smjörlikisgerðarinnar h/f. Hafði Karl forgöngu um kaupin, en með vitund Þórarins og Magnúsar. Höfðu þeir kassann með sér í ferðina og stimplana, og auk þess hafði Karl áður stimplað mörg eyðublaðanna.

Þegar til Akureyrar kom, tók Karl að skrifa tékkana. Er

upplýst um 4 tékka, er hann skrifaði þar og afhenti þeim Magnúsi og Þórarni til að selja. Þórarinn seldi áðurgreindan tékka, að upphæð kr. 1897.00, í útibúi Útvegsbankans. Hann tók einnig við öðrum, að upphæð eitthvað um 1200 kr., og undirritaðan (svo) nafni Stefáns Bergmanns, að því er hann hefir skýrt frá. Þenna tékka átti hann að sýna í Landsbankanum, en gerði ekki. Magnús fékk aðra tvo, annan upp á 190 krónur, undirritaðan nafni Stefáns Þorlákssonar, en um hinn er ekki nánar upplýst. 190 króna tékkann reyndi ákærður að selja í verzlun, en tókst ekki, og varð þá samkomulag þeirra Þórarins að hætta við frekari tilraunir og fá Karl til að snúa hið skjótasta til Reykjavíkur, sem þeir og gerðu.

Undir rannsókn málsins vísaði Ragnar á leturkassann og tékkheftin. Komu þar fram áðurgreindir stimplar. Í tékkheftunum voru 9 eyðublöð stimpluð með þeim, en óútfyllt að öðru leyti. Einnig var þar fullskrifaður tékki, að upphæð kr. 2640.00, útgefinn til handa Jóni Jónssyni og undirritaður: pr. Smjörlikisgerðin h/f. Ragnar Jónsson. Var hann gefin út á hlaupareikningsnúmer 119 við Útvegsbankann. Ákærður Karl hefir viðurkennt að hafa skrifað þenna tékka, en hefir talið sig hafa gert það í æfingaskyni.

5.

Eins og getið var, slóst Ragnar Kristinn Pálsson í för þeirra félaga til Akureyrar, og kemur hann þá fyrst við mál þetta.

Karl hefir skýrt svo frá tildrögum þess, að hann hafi í fyrstu boðið Ragnari í förina í kunningsskaparskyni, af því að hann vissi, að hann var ættaður úr Húnavatnssýslunni. En morguninn, sem þeir lögðu af stað, kveðst hann hafa sagt Ragnari frá fyrirætlun þeirra félaga og sagt honum að gera, hvort heldur hann vildi, verða með í ferðinni eða hætta við hana. Hafi þá Ragnar kosið að fara ferðina, en tekið jafnframt fram, að hann ekki tæki þátt í fyrirætlun þeirra.

Þórarinn hefir aftur á móti haldið því fram, að Ragnar hafi frá byrjun verið fullgildur þátttakandi í fyrirtækinu. Hann segir, að Karl muni hafa stungið upp á þessu við hann í fyrstu, en síðan hafi Ragnar rætt um málið við sig og þá aðra.

Loks hefir Magnús skýrt frá því, að það hafi fyrst verið að morgni farardagsins, sem hann vissi, að Ragnari var ætlað að vera með. Kveðst hann þá hafa heyrt á honum, að hann vissi vel, hvað til stóð, en þó hafi hann neitað, að hann ætlaði sér að gerast þátttakandi.

Ragnar hefir staðfastlega og ákveðið neitað því að hafa fengið vitneskju um fyrirætlanir þeirra félaga, áður en hann lagði á stað. Þær kveðst hann fyrst hafa fengið að vita, þegar komið var upp í Hvalfjörð. Hann kveðst þá hafa hugsað um að hverfa frá, en þó ekki orðið af því. Einnig síðar á leiðinni hafði hann orð á því að hætta við förina, þótt ekki yrði af. Í fölsununum á Akureyri tók hann ekki beinan þátt, en var viðstaddur, bæði þegar tékkarnir voru skrifaðir og eins þegar Þórarinn kom með peningana. Varð honum þá að orði, að því er Karl hefir skýrt frá: „Miklir helvitis glæpamenn eruð þið.“

Þegar hingað til bæjarins kom, héldu þeir félagar raleitt heim til Ragnars og skiptu þar peningunum. Drógu þeir fyrst frá kostnað við ferðalagið. Í fyrstu var talað um, að Ragnar fengi kr. 200.00 í sinn hlut. Ragnar neitaði að taka við þeim peningum. Er það samhljóða frásögn þeirra þriggja, Karls, Magnúsar og Þórarins, að Ragnar hafi látið á sér skilja, að sér þætti þetta of litið, hann vildi fá fullan hlut á við hina. Hækkuðu þeir því hlut hans upp í 300 krónur, og tók hann þá við peningunum.

Ragnar hefir aftur á móti haldið því fram, að hann hafi ætlað sér að halda sér alveg utan við þetta og þessvegna hafi hann neitað að taka við peningunum. Kveðst hann hafa ætlað sér að halda við þá synjun sína, en þó hafi það orðið úr, að peningarnir hafi orðið eftir heima hjá sér. Segir hann, að það hafi verið tilætlun sín að geyma peningana og hugsa sig um, hvort hann ætti að taka við þeim. Peningana faldi hann síðan í öskubakka í herbergi sínu, en morguninn eftir tók hann 50 krónur af þeim og eyddi.

Þeir félagar fólu Ragnari að geyma stimpilkassann og tékkheftin, og faldi hann þá í útiskúr, er hann hafði aðgang að.

6.

Afbrotin. Framangreindar falsanir þeirra félaga falla undir 271. gr. og 277. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Þjófnaðarafbrot Karls varðar við 8. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 51 1928.

Af rannsókn málsins verður að ráða, að þeir Karl, Þórarinn og Magnús hafi með öllu verið samhuga og samtaka um framkvæmd falsananna. Við ákvörðun refsinga þeirra verður því að hafa hliðsjón af 55. gr. hegningarlaga.

Þáttur Ragnars í Akureyrarförinni hefir áður verið rakinn. Hann hefir með öllu synjað þess að hafa tekið virkan þátt í fölsununum þar eða ætlað sér það eða að þeim stutt. Eftir atvikum þykir verða að leggja þá skýrslu hans til grundvallar, enda þótt frásögn meðákærðu bendi um sumt til annars og enda þótt framkoma hans í förinni verði að teljast að sumu leyti tortryggileg. Hinsvegar tekur hann þátt í ágóðanum, þegar heim kemur, og varðveitir og felur tékkheftin og stimplana. Þykir því verða að ákveða refsingu hans með hliðsjón af 56. gr. hegningarlaga.

Refsing þeirra Karls, Þórarins og Magnúsar ber að til-taka með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Refsingar. Refsing þeirra Þórarins og Magnúsar, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin tveggja ára betrunarhússvinna og er þá tekið tillit til þess, að þeir hafa báðir fyrr á þessu ári verið dæmdir fyrir samskonar brot.

Refsing Karls þykir hæfilega ákveðin 18 mánaða betrunarhússvinna.

Refsing Ragnars þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með tilliti til þess, að þetta er fyrsta hegningarlagabrot hans, og telja verður, að hann hafi nokkuð af tilviljun leiðzt út í það, þykir mega ákveða hana skilorðsbundna samkvæmt lögum nr. 39 1907.

Skaðabætur. Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h/f og Þorsteinn Þorsteinsson hafa allir gert kröfu um, að ákærðir verði dæmdir til að greiða sér skaðabætur fyrir tjón það, er hlotizt hefir af kaupum hinna fölsuðu tékka. Nema skaðabótakröfurnar upphæðum tékkanna að frádregnu því, er ákærðir hafa þegar skilað aftur af andvirði þeirra, auk 5% ársvaxta.

Ákærðir hafa skilað eftirtöldum upphæðum af andvirði tékkanna:

Karl	kr. 455.00
Magnús	— 400.00
Ragnar	— 250.00
Þórarinn	— 350.00

Samtals kr. 1455.00

Þessir peningar reyndust allir að vera af andvirði Ákureyrartékkans og hafa verið afhentir Útvegsbanka Íslands h/f upp í skaðabótakröfu hans, sem nemur því nú (kr. 1897.00 ÷ 1455.00) kr. 442.00.

Af andvirði Selfosstékkans afhenti Þórarinn kr. 200.00, sem Landsbanki Íslands þegar hefir tekið við, og nemur því krafa hans nú (kr. 1384.00 ÷ 200.00) kr. 1184.00.

Þá hefir og Þorsteini Þorsteinssyni verið skilað stigvélum þeim, er tekin voru út í verzlun hans og kostuðu kr. 22.00. Nemur því skaðabótakrafa hans (kr. 400.00 ÷ 22.00) kr. 378.00.

Ákærðir hafa samþykkt skaðabótakröfurnar.

Það ber því að dæma ákærðu til að greiða skaðabætur, eins og hér segir:

Ákærðir allir greiði in solidum til Útvegsbanka Íslands h/f kr. 442.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 5. sept. s. l. að telja og til greiðsludags.

Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum til Landsbanka Íslands kr. 1184.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. ágúst s. l. til greiðsludags.

Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum til Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík, kr. 378.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 31. ágúst s. l. til greiðsludags.

Skaðabæturnar greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Málkostnaður. Um kostnað sakarinnar skal fara svo sem hér segir:

Ákærðir greiði hver um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Karl greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm., er ákveðast kr. 100.00.

Þórarinn og Magnús greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Péturs Magnússonar hrm., er ákveðast kr. 125.00.

Ragnar greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gunnars Þorsteinssonar hrm., er ákveðast kr. 100.00.

Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar að $\frac{1}{2}$ hlutum, en ákærðir allir að $\frac{1}{2}$ hluta.

Málið hefir verið rekið vítalaut. Það var dómtekið hinn 24. fyrra mánaðar. Ákærðir hafa allir setið í gæzluvarðhaldi síðan hinn 8. fyrra mánaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Karl Kristján Sinius Kristensen sæti betrunarhússvinnu í 18 mánuði.

Ákærður Þórarinn Vigfússon sæti betrunarhússvinnu í 2 ár.

Ákærður Magnús Jónsson sæti betrunarhússvinnu í 2 ár.

Ákærður Ragnar Kristinn Pálsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Refsingur hans skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 1907 eru haldin.

Ákærðir allir greiði in solidum i skaðabætur til Útvegsbanka Íslands h/f kr. 442.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 5. sept. s. l. til greiðsludags.

Ákærðir Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum i skaðabætur til Landsbanka Íslands kr. 1184.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. ágúst s. l. til greiðsludags.

Ákærðir Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solidum i skaðabætur til Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík, kr. 378.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 31. ágúst s. l. til greiðsludags.

Skaðabæturnar greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðir greiði, hver um sig, kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Ákærður Karl greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar hrm., kr. 100.00.

Ákærðir Þórarinn og Magnús greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., kr. 125.00.

Ákærður Ragnar greiði málsvarnarlaun til skipaðs-
talsmanns síns, Gunnars Þorsteinssonar hrm., kr. 100.00.

Ákærðir Karl, Þórarinn og Magnús greiði in solid-
um allan annan kostnað sakarinnar að $\frac{4}{5}$ hlutum, en
ákærðir allir að $\frac{1}{5}$ hluta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. október 1939.

Nr. 120/1937. **Bjarney Einarsdóttir og Halldóra
Hafliðadóttir f. h. ófjárráða barna
sinna, Sigurgeirs og Bjarneyjar Ingi-
bjargar** (Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn

**Dánarbúi Elíasar Kristjáns Sigur-
geirssonar** (Sveinbjörn Jónsson).

Ágreiningur milli erfingja látins manns og lána-
drottna dánarbús hans um líftryggingarfé hans.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 30.
sept. 1937 skotið máli þessu til hæstaréttar með
stefnu 13. okt. s. á., hafa krafizt þess, að hinn áfrýj-
aði úrskurður verði úr gildi felldur og að þeim verði
viðurkenndur eignarréttur að líftryggingarskirteini
nr. 165169, að upphæð kr. 10000.00, útgefnu 17. okt.
1930 af Brand- og Livsforsikringsaktieselskabet Svea
til handa Elíasi Kristjáni Sigurgeirssyni, með tilheyr-
andi rétti til að taka við téðri fjárhæð með vöxtum
og kvitta fyrir hana. Svo krefjast áfrýjendur máls-
kostnaðar af stefnda bæði fyrir skiptarétti og hæsta-
rétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar